

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	19.11.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Fulltrúi UST	Hrónn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ásbjörn Einarsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en þrjár athugasemdir gerðar við starfsemina.

Gert er ráð fyrir að girðing verði lagfærð á komandi vori, samráðsfundur hefur verið boðaður í janúar. Rekstraraðili hefur óskað eftir að skýrslugjöf um skráningar skv. grein 5.1 verði lagfærð í næstu ársskýrslu, sem verði skilað fyrir 1. maí 2016. Í henni verði bætt við þeim skráningum sem vantaði upp á fyrir bæði árið 2014 og 2015.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir aðgerðir til að sporna gegn frekari lykt frá urðunarstaðnum. Hreinsivirki við Gými 2 (móttöku fyrir lyktsterkan úrgang) er komið í notkun og tilraunir hafnar á endurnýtingu fituríks úrgangs, en prufukeyrsla á búnaðinum var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Móttakan fer fram í lokuðu rými sem er þrifið eftir hverja losun. Aðstaða til þrifa á flutningstækjum er innan lokaða rýmisins. Þá hefur verið skerpt á móttökuskilyrðum fyrir lyktsterkan úrgang sem og að bætt hefur verið í þrif og notkun lyktheyðandi efna. Rekstraraðili kallar reglulega eftir staðfestingu um notkun lyktareyðandi efna við böggun úrgangs sem þeir taka við. Lífsía (Biofilter) er komin í gagnið en gert ráð fyrir að vatnsúðakerfi fyrir hana verði endurbætt næsta vor. Rekstraraðili hefur yfirfarið verkferla og skráningar til að minnka þann hluta baggastæðu sem stendur opin. Úðun lyktareyðandi efna hefur verið aukin. Frágangi á Gými 1 var ekki lokið þegar eftirlitið fór fram en búist var við að áætlun um að því lyki fyrir árslok 2015 muni standast. Þá hafa endurbætur verið gerðar á hauggassöfnunarbúnaði. Upplýsingar um efni sem notuð eru til lyktarvarna var sendur stofnuninni í tölvupósti 22. janúar sl.

Nokkuð hefur verið um kvartanir frá síðasta eftirliti vegna lyktar sem berst í frá Urðunarstaðnum í íbúabyggð í Mosfellsbæ. Í eftirlitinu var farið yfir aðgerðir til að halda lykt í lágmarki.

Farið var yfir starfshætti sbr. grein 2.1-2.4 í starfsleyfi.

Sorpa tekur sjaldan við asbestmenguum úrgangi en í slíkum tilvikum er hann urðaður á sérmerktu svæði. Í síðustu eftirlitsskýrslu var fjallað um móttökuskilyrði fyrir olíumengaðan úrgang en frá síðasta eftirliti hefur Sorpa tekið við einum farmi sem sendur var til efnagreiningar til að sannreyna að hann uppfyllti skilyrði til urðunar.

Rekstraraðili starfar samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ISO14001 og eru umhverfismarkmið opinber í græna bókhaldinu og á heimasíðu Sorpu. Meindýraeyðir kemur mánaðarlega og fargar vargfuglum og rottum á svæðinu en mun minna er fargað af fugli nú en á árum áður. Nýjar girðingar eru í kringum aðgangshlið en girðing liggur að hluta til niðri norðan við urðunarstaðinn vegna tenginga lagna við fyrirhugaða jarðgerðarstöð.

Þá var rætt um gagnaskil og áætlanir sem skulu liggja fyrir samkvæmt starfsleyfi. Minnt var á athugasemd úr síðasta eftirliti varðandi upplýsingar sem vantar í ársskýrsluna.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og elds í urðunarreinum var afhent í eftirlitinu.

Greinargerð um stöðu botns m.v grunnvatn sbr grein 3.3. var gerð árið 2013.

Farið var yfir rekstur hreinsimannvirkja. Síðast var hreinsað upp úr sigvatnsþrónni í nóvember 2014. Búið er að koma fyrir sjálfvirkum mælíbúnaði í þrónni.

Þá var farið yfir eftirlitsmælingar sbr grein 5.2 í starfsleyfi.

Efnamælingar á sigvatni og sjó voru afhentar í eftirlitinu. Síamælingar eru á magni sigvatns, þrýstingi og samsetningu hauggass (CH_4 , CH_2 , O_2 , H_2S) en þeim mælingum hefur ekki verið skilað til stofnunarinnar. Þá eru gerðar mælingar á H_2 fjórum sinnum á ári. Mælingar á samsetningu grunnvatns á að gera á næsta ári og á mengunarefnum í sjávarseti árið 2017.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæðið. Ekið var að móttökusvæði fyrir olíumengaðan úrgang og

asbestmengaðan úrgang, að hreinsivirki fyrir sigvatn og að urðunarreininni. Einnig var litið á frágang við lífsíu við hreinsivirki frá Gými 2.

ATHUGASEMDIR

Girðing liggur að hluta til niðri norðan við urðunarstaðinn og gert ráð fyrir að hún verði lagfærð næsta vor þegar frost fer úr jörðu.

Samráðsfundur samkvæmt grein 1.9 í starfsleyfi var ekki haldinn á árinu 2015. Boðað hefur verið til samráðsfundar 28. janúar nk.

Í ársskýrslu vantar hluta af skráningum skv. grein 5.1 í starfsleyfi (ársskýrslu) . Gerð var athugasemd við þetta atriði í síðasta eftirliti. Samkvæmt starfsleyfi á að skila samantektinni (ársskýrslunni) fyrir 1.maí árlega en rekstraraðili hefur óskað eftir að bætt verði úr þessu atriði í næstu ársskýrslu, þ.e. fyrir 1.maí 2016, þá bæði fyrir árið 2014 og 2015. Umhverfistofnun samþykkir þessa tillögu.

ANNAÐ

Seinni mælingar ársins 2015 í grunnvatnsholum gátu ekki farið fram í lok árs vegna snjóalaga en voru gerðar þess í stað í janúar sl. Mælt var í grunnvatnsholum ÁN-4, ÁN-9, ÁN-10, og ÁN-11 og í fjórum nýjum holum, ÁN-12, ÁN-13, ÁN-14, ÁN-15.

Rekstraraðili óskaði eftir fresti til að gera nýja greinargerð um hæð grunnvatns til loka árs 2016 en fyrirbyggjandi mælingar sýna ekki mikla breytingu á grunnvatnshæð. Rekstraraðili hyggst gera mánaðarlegar mælingar árið 2016 til að fá betri yfirsýn yfir breytingar á grunnvatnshæðinni.

Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögu rekstraraðila að móttökuskilyrðum fyrir olíumengaðan úrgang. Fyrir farma <5000 tonn er nægilegt að gera einfaldar mælingar t.d. oil test kit en fyrir stærri farma skal efnagreina farminn m.t.t. olíuefna, BTEX og PAH. Séu þessi efni undir spilliefnamörkum er heimilt að nota jarðveginn sem undirlag í þekjulag á urðunarstaðnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.01.2016


Halla Einarsdóttir